



## Íþróttafélagið Höttur Fundur aðalstjórnar 23. apríl 2024

Mætt: Ásta Dís Helgadóttir (fimleikadeild) Ásthildur Jónasdóttir (körfuknattleiksdeild), Freyr Ævarsson (frjálsíþróttadeild), Magnfríður Ólöf Pétursdóttir (knattspyrnudeild), Bylgja Borgþórsdóttir og Lísu Leifsdóttir (framkvæmdastjórn)

### 1. Aðalfundur Hattar

- Verkaskipting framkvæmdastjórnar er ákveðin þannig að Lísu Leifsdóttir er áfram formaður, Hrunn Erla Guðmundsdóttir er gjaldkeri og Bylgja Borgþórsdóttir er ritari.
- Formaður minnir á að allar deildir verða að skila skýrslum ársins og órsreikningum til að hægt sé að klára skil til ÍSÍ.
- Á aðalfundi kom fram tillaga um kaup á veislutjaldi til útleigu og til afnota fyrir deildir. Rætt að mikilvægt sé að um leið sé til góð geymsla undir slíkt. Aðalstjórn tekur mjög vel í hugmyndina og heldur áfram að skoða málið.
- Á aðalfundi kom fram tillaga um stofnun hóps um fræðslu- og forvarnaáætlun félagsins. Aðalstjórn tekur mjög vel í hugmyndina og felur framkvæmdastjórn að vinna málið áfram.
- Á aðalfundi var ákveðið að hækka félagsgjöld í 2.500 krónur á ári. Aðalstjórn leggur til að sendur verði út pistill um verkefni félagsins og umfang og í kjölfarið valgreiðsluseðill á einstaklinga, eldri en 18 ára, í póstnúmer 700 og 701. Framkvæmdastjórn falið að vinna málið áfram.

### 2. Sambandsþing UÍA

- Aðalstjórn Hattar óskar innilega til hamingju öllum þeim sem fengu viðurkenningar á sambandsþingi UÍA 2024. Hreinn Halldórsson fékk gullmerki UMFÍ og Auður Vala Gunnarsdóttir og Davíð Þór Sigurðarson fengu gullmerki ÍSÍ ásamt því að veitt voru starfsmerki UÍA.
- Aðalstjórn Hattar áréttar mikilvægi þess að UÍA vinni áfram að nefnd um ferðakostnað sem setja átti af stað eftir sambandsþing 2023. Jafnframt býður stjórnin fram krafta sína í vinnunni.
- Aðalstjórn leggur til að boða fljótlega til skrafs og ráðagerða fulltrúa frá UÍA. Stjórnin telur mikilvægt að vera í góðu samstarfi og að UÍA kynni sína starfsemi fyrir aðildarfélögum.

### 3. 50 ára afmæli Hattar

Afmælisnefnd hefur unnið að dagskrá afmælis. Formaður reifar það sem búið er að fara yfir hingað til og þær hugmyndir sem fram hafa komið. Málið unnið áfram.

#### 4. Allir með

Almennar umræður um næstu skref. Mikilvægt að fleiri en þrjár deildir séu með. Einnig rætt um Hattarpúlsinn og hvernig á að halda áfram með það verkefni. Framkvæmdastjórn vinnur málið áfram og ræðir við Austurbrú um mögulegar breytingar á framkvæmd.

#### 5. Önnur mál

- a. Aðalstjórn Hattar óskar körfuknattleiksdeild Hattar innilega til hamingju með frábæran árangur á Íslandsmóti. Eins óskar aðalstjórn Bjarti Berg Hjaltasyni, fyrrum iðkanda fimleikadeildar, innilega til hamingju með Norðurlandameistaratitil í hópfimleikum.
- b. Framkvæmdastjórn falið að athuga hvort hægt er að skrá félagið sem almannaheillafélag.
- c. Ákveðið að vinna að skráningu íþróttamannvirkja og aðstöðu og þá forgangsröðun sem félagið vill stefna að.
- d. Minnt á fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og deildir hvattar til að skoða möguleikann á að sækja í hann.
- e. Rætt um mikilvægi þess að yfirfara og uppfæra þær stefnur og áætlanir sem félagið vinnur eftir. Málið unnið áfram af framkvæmdastjórn.

Fundi slitið 21:00.